

í Reykjavík á veltu hans af þeim vörum, er hann hefur selt Olíusamlagi útvegsmanna í Neskaupstað á því ári, er hér skiptir máli.

Með hliðsjón af því, er rakið hefur verið hér að framan, fær rétturinn ekki séð, að nokkrir þeir gallar séu á útsvarsálagningu þeirri, er hér er um deilt, að varðað geti ógildingu hennar. Niðurstaða réttarins verður því sú, að hið umbeðna lögtak skuli fram fara.

Eftir þessum málalokum þykir rétt, að gerðarþoli greiði gerðarbeiðanda kr. 2000.00 í málskostnað.

Því úrskurðast:

Hið umbeðna lögtak skal fara fram.

Gerðarþoli greiði gerðarbeiðanda kr. 2000.00 í málskostnað.

Miðvikudaginn 14. desember 1960.

Nr. 213/1960. **Valdstjórnin**

gegn

Hauki Hvannberg

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Sakborningi synjað um brottför úr lögsagnarumdæmi sínu.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 3. desember þ. á., sem hingað barst 8. s. m., hefur varnaraðili samkvæmt 3. tl. 172. gr. laga nr. 27/1951 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar og krafizt þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi og honum verði heimiluð brottför úr landi til lækninga um takmarkaðan tíma, þó eigi skemur en þrjá mánuði.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 2. desember 1960.

Ár 1960, föstudaginn 2. desember, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var á Klapparstíg 26 af Gunnari Helgasyni og Guðm. Ingva Sigurðssyni, dómurum samkvæmt sérstakri umboðsskrá, kveðinn upp úrskurður vegna kröfu um afnám banns við brottför úr lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, sbr. 72. gr. laga nr. 27/1951 um meðferð opinberra mála.

Málið er þannig vaxið:

Hinn 16. desember 1958 hófst dómsrannsókn á ætluðu broti Hins íslenska steinolíuhlutafélags (HÍS) á gjaldeyris- og innflutningslöggjöfinni í sambandi við viðskipti félagsins við varnarliðið, en félag þetta hefur frá komu varnarliðsins til landsins 1951 annast um sölu á eldsneyti, gasolíu og smurningsolíu til varnarliðsins, sem varnarliðið fær tollfrjálst í skjóli ákvæða varnarsamningsins frá 15. maí 1951, sbr. lög nr. 110/1951. Rannsókn máls þessa varð smámsaman viðtækari, og var systurfyrirtæki Hins íslenska steinolíuhlutafélags, Olíufélagið h/f, dregið inn í rannsóknina, og beindist rannsóknin einnig að ætluðum brotum þess félags á innflutnings- og gjaldeyrislöggjöfinni, svo og annarri ætlaðri ólöglegri starfsemi beggja félaganna.

Framkvæmdarstjóri HÍS um margra ára skeið var Haukur Hvannberg lögfræðingur, til heimilis á Ægissíðu 82, hér í bæ, f. 22. júlí 1921 í Reykjavík. Hann lét af störfum hjá HÍS í apríl-byrjun 1959. Gegndi hann framkvæmdarstjórástörfum hjá HÍS allt það tímabil, sem rannsókn máls þessa náði til, þ. e. árin 1950—1958.

Hauki Hvannberg var bönnuð brottför úr lögsagnarumdæmi Reykjavíkur á dómþingi 25. ágúst 1959 samkvæmt heimild í 72. gr. laga nr. 27/1951, meðan á rannsókn máls þessa stæði.

Með bréfi, dags. 19. október 1959, fór réttargæzlumaður Hauks Hvannbergs, Benedikt Sigurjónsson hrl., þess á leit við dóminn, að hann felldi úr gildi bannið við brottför Hauks Hvannbergs úr lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, svo að hann mætti fara til Englands sér til lækninga, en kröfu sína studdi réttargæzlumaðurinn þeim rökum, að Haukur væri samkvæmt vottorðum lækna haldinn þunglyndi á háu stigi, þannig að hann gæti verið hættulegur sjálfum sér. Auk þess bagaði hann svefnleysi. Lækningatilraunir hérlandis hefðu reynzt árangurslausar.

Úrskurður um þessa kröfu réttargæzlu Mannsins gekk í sakadómi Reykjavíkur 12. nóvember 1959 á þá lund, að kröfu réttar-

gæzlumannsins var hrundið. Úrskurðurinn var kærður til Hæstaréttar, er kvað upp dóm í málinu 25. nóvember 1959 á þá leið, að hinn kærði úrskurður skyldi vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur var fyrst og fremst byggður á því, að vegna rannsóknar málsins, sem hvergi nærri væri lokið, bæri nauðsyn til að tryggja nærveru Hauks Hvannbergs.

Haukur hefur dvalizt á sjúkrahúsum síðan 21. september 1959, fyrst á lyflæknisdeild Landspítalans og síðan 28. nóvember 1959 á geðveikraspítalanum á Kleppi og dvelur þar enn.

Með bréfi, dags. 28. nóvember 1960, fór réttargæzlumaður Hauks Hvannbergs, Benedikt Sigurjónsson hrl., þess enn á leit við dómarana, að Hauki Hvannberg verði leyfð brottför úr landi sér til lækninga um takmarkaðan tíma, ekki skemmri en þrjá mánuði. Rökstyður réttargæzlumaðurinn beiðni sína með því, að læknar hafi talið Hauki Hvannberg það helzt ráð til heilsubótar, að hann leitaði sér lækninga erlendis, og nú væri rannsókn málsins lokið.

Áður en krafa þessi verður tekin til athugunar, þykir hlýða að gera grein fyrir því helzta, sem fram hefur komið í málinu.

Eftir gögnum málsins að dæma hefur undanfarin ár af hálfu HÍS og Olúfélagsins h/f verið skotið undan gjaldeyrisskilum drjúgum fjárhæðum, aðallega dollurum, svo að milljónum króna skiptir í íslenskri mynt. Hluti þessara dollara hefur verið notaður til vörukaupa vestan hafs. Benda gögn málsins til þess, að talsvert hafi kveðið að því, að varningur, sem virðist fyrst og fremst hafa verið ætlaður til rekstrar HÍS á Keflavíkurflugvelli, hafi verið fluttur inn í nafni varnarliðsins, og þannig var komizt hjá því að greiða lögboðin aðflutningsgjöld. Einnhvern hluta hins undanskotna gjaldeyris hefur Haukur Hvannberg viðurkennt að hafa notað til kaupa á varningi til eigin persónulegra þarfa. Stórum hluta hins undanskotna gjaldeyris segist Haukur hafa varið til mútustarfsemi til að tryggja viðskiptahagsmunum HÍS. Þannig voru tugþúsundir dollara af innstæðum HÍS vestanhafs notaðir til að kaupa verðbréf og selja í Bandaríkjunum fyrir milligöngu verðbréfafyrirtækis í New York. Var reikningur á nafni Hauks Hvannbergs hjá þessu verðbréfafyrirtæki. Haukur vildi ekki kannast við, að hann ætti reikninginn, heldur hefði hann aðeins lánað nafnið sitt. Allir þeir peningar, sem runnu inn á reikning þenna til kaupa á verðbréfum, voru, samkvæmt frásögn Hauks Hvannbergs, mútufé. Ekki vildi hann nafngreina þá menn, sem mútað hafði verið.

Stjórnarmenn beggja félaganna, HÍS og Olíufélagsins h/f, könnuðust ekki við þessa mútustarfsemi. Vitað er, að fyrir tilstuðlan Hauks voru \$ 60.758.85 fluttir af reikningi á nafni Hauks hjá fyrrnefndum verðbréfasala til banka í Sviss. Þá er og komið fram í málinu, að Haukur átti bankareikning í New York. Bankareikningi þessum var lokað um sama leyti og reikningum hjá verðbréfasalanum, eða skömmu eftir að dómsrannsókn máls þessa hófst. Það, sem stóð inni á bankareikningi Hauks, \$ 19.363.46, lét Haukur Hvannberg yfirfæra inn á sama bankareikning í Sviss og dollararnir frá verðbréfasalanum fóru. Haukur Hvannberg er því grunaður um fjárdrátt. Haukur hefur skýrt frá því, að hann hafi ekki ráðstöfunarrétt þeirra dollara, sem fóru inn á bankareikninginn í Sviss, og að hann viti ekki, hver hafi ráðstöfunarréttinn.

Þá geyma gögn málsins upplýsingar um, að ekki hafi allt verið með felldu um skil á tekjum HÍS í sterlingspundum. Þannig hefur Haukur Hvannberg viðurkennt, að HÍS hafi tekið laxveiðiana Langá á Mýrum á leigu. Leigusali var íslenskur maður. Leigugjaldið var greitt í sterlingspundum, samtals £ 14.000-0-0, fyrir tímabilið 1954—1967. Var leigan greidd í þrennu lagi árin 1954, 1955 og 1956.

Enn fremur hefur komið fram í rannsókninni, að Haukur Hvannberg hefur tekið þrívægis peninga af reikningum HÍS í Englandi í sambandi við flugvélasýningar í Englandi, kenndar við Farnborough. Námu fjárhæðir þessar samtals £ 10.688-3-1. Segist Haukur hafa stofnað til útgjalda m. a. vegna þátttöku HÍS í sölusýningu Esso-fyrirtækjanna hvaðanæva úr heiminum í sambandi við þessar sýningar, en HÍS og Olíufélagið h/f hafa umboð fyrir Esso-olíuvörur. Ekki gat Haukur framvísað kvittunum fyrir útgjöldum þessum. Stjórnarformenn HÍS og Olíufélagsins h/f, bæði fyrrverandi og núverandi, könnuðust ekki við þetta atriði.

Samkvæmt skýrslu hins dómkvadda endurskoðanda málsins, Ragnars Ólafssonar, löggilts endurskoðanda, hefur ýmsum þáttum í rekstri beggja félaganna, er varða tekjur og gjöld, verið haldið utan bókhaldsins.

Hér að framan hefur verið stiklað á því stærsta, er fram hefur komið í máli þessu og ætla má, að til lögbrota teljist.

Til athugunar er hjá stjórnnum HÍS og Olíufélagsins h/f, hvort gerð verði skaðabótakrafa á hendur Hauki Hvannberg.

Trúnaðarlæknir dómsins hefur úrskurðað Hauk Hvannberg

sakhæfan. Ekkert er komið fram nýtt um veikindi Hauks Hvannbergs.

Segja má, að mál þetta sé senn tilbúið til afhendingar ákæruvaldinu, þótt hins vegar segja meg, að rannsókn eins sakamáls sé ekki lokið *endanlega*, fyrr en annaðhvort með niðurfellingu af hálfu ákæruvaldsins, óáfrýjuðum dómi undirréttar eða dómi Hæstaréttar. Rétt er að geta þess, að framhaldsrannsóknir eru heimilar eftir uppkvaðningu undirréttardóms, áður en hæstaréttardómur gengur.

Svo sem rakið er hér að framan um það, sem rannsóknin hefur leitt í ljós, er rökstuddur grunur fram kominn fyrir því, að Haukur Hvannberg eigi stórfé geymt erlendis, fé, sem ætla má, að hann hafi komið yfir með ólöglegu móti. Ætla má, að freisting Hauks Hvannbergs til að skjóta sér undan hugsanlegri skaðabóta- og refsíabyrgð hljóti að vera mikil, sérstaklega þegar þess er gætt, að möguleikar hans til að sjá sér farborða erlendis um langan aldur virðast vera fyrir hendi. Svo sem áður er getið, er ekkert nýtt fram komið varðandi sjúkdóm Hauks, er réttlæti það frekar nú en áður, að teflt sé á þá tvísýnu, að leyfa honum brottför úr landi.

Með skírskotun til alls þess, er nú hefur verið rakið, er ástæðan til að tryggja nærveru Hauks Hvannbergs jafnrík nú sem fyrr, er úrskurður gekk um þetta atriði fyrir rösku ári. Dómurinn telur því ekki stætt á því að verða við kröfunni um, að bannið við brottför Hauks Hvannbergs úr lögsagnarumdæmi Reykjavíkur verði fellt úr gildi.

Ályktarorð:

Krafan um afnám banns við brottför Hauks Hvannbergs úr lögsagnarumdæmi Reykjavíkur er ekki tekin til greina.
